

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR LANDSBRÉFA HF. 2026

Þann 28. apríl 2026 kl. 15:30 var haldinn aðalfundur Landsbréfa hf., kt. 691208-0520, að Kalkofnsvegi 2 í Reykjavík. Fundurinn hófst með því að Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, formaður stjórnar félagsins, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún stakk upp á að Bragi Gunnarsson, lögmaður Landsbréfa, yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt. Bragi tók við fundarstjórn og lagði til að Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri Landsbréfa, yrði kjörin fundarritari. Það var samþykkt. Lögmæti fundarins var kannað, en mætt er fyrir 100% hluta í félaginu og fer Hreiðar Bjarnason með atkvæði Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. og Þorsteinn Stefánsson með atkvæði Bláma fjárfestingafélags ehf. Til fundarsins var boðað með tilskyldum hætti og var fundurinn úrskurðaður löglegur til að afgreiða þau mál sem fyrir honum liggja.

Gengið var til umræðna og afgreiðslu dagskrármála.

1. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur á liðnu starfsári

Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, formaður stjórnar, flutti skýrslu stjórnar. Hún sagði árið 2025 hefði verið krefjandi bæði á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum. Þrátt fyrir þráláta verðbólgu, hátt vaxtastig og óvissu í alþjóðahagkerfinu hefðu Landsbréf tekist á við þessar áskoranir af festu, fagmennsku og ábyrgð. Sagði hún það mat stjórnar að félagið hefði staðið sig vel við þessar aðstæður. Við lok árs 2025 hefðu um 21 þúsund einstaklingar og lögaðilar átt fjármuni í sjóðum Landsbréfa og hefðu eignir í stýringu verið um um 602 milljarðar króna í árslok 2025 samanborið við 543 milljarða króna í lok árs 2024 sem gerði 11% vöxt milli ára. Þá tæpti hún á helstu niðurstöðu rekstrar en vísaði að öðru leyti til umfjöllunar um ársreikninginn undir næstsa dagskrarlið fundarins. Í máli hennar kom fram að grunnrekstur Landsbréfa hefði gengið mjög vel á árinu og væri félagið fjárhagslega sterkt, rekstur stöðugur og stæði tekjugrundvöllur félagsins traustum fótum. Tveir nýir sjóðir hófu starfsemi á árinu en það eru framtakssjóðurinn Horn V slhf. og sérhæfði sjóðurinn SÁ Horn slhf. sem er sjóður um sameiginlega fjárfestingu nokkurra fagfjárfesta í Styrkási hf. Þá kom fram að félagið hefði verið þátttakandi í stefnumörkun á samstæðugrunni Landsbankans og ýmis tækifæri til sóknar auðkennd á samstæðugrunni. Horft fram á veginn sagðsti formaðurinn gera ráð fyrir að óvissa á mörkuðum myndi halda áfram, bæði innanlands og erlendis. Áskoranir tengdar verðbólgu, vaxtastigi og geopolítískum aðstæðum hverfa ekki á einni nóttu. Það væri hins vegar á slíkum tímum sem styrkur, fagmennska og traust rekstrarfyrirkomulag skipta mestu máli. Stjórn Landsbréfa sagði hún myndu halda áfram að leggja áherslu á ábyrga eignastýringu, skýra upplýsingagjöf til fjárfesta, sterk tengsl við viðskiptavinum sem og áframhaldandi þróun sjóða og þjónustu. Því væri ekki ástæða til annars en að horfa björtum en raunsæjum augum fram á veginn á núverandi rekstrarári. Að lokum þakkaði stjórnarmaðurinn starfsfólki Landsbréfa og framkvæmdastjóra og meðstjórnarmönnum fyrir frábært samstarf á árinu.

Aðrir tóku ekki til máls undir þessum dagskrárlið.

2. Ársreikningur lagður fram til samþykktar

Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri Landsbréfa, gerði grein fyrir ársreikningi félagsins. Hann fór yfir helstu liði rekstrar- og efnahagsreiknings A hluta og kom þar fram að rekstur Landsbréfa gekk vel á árinu 2025. Hreinar rekstrartekjur félagsins á árinu 2025 námu rúmum 2.367 milljónum króna, samanborið við rúmar 2.717 milljónir króna á árinu 2024. Hagnaður af rekstri ársins 2025 eftir skatta var samkvæmt

rekstrarreikningi rúmar 978 milljónir króna, samanborið við rúmar 1.272 milljónir króna á árinu 2024. Eigið fé Landsbréfa hf. í lok ársins 2025 var rúmar 4.368 milljónir króna samkvæmt efnahagsreikningi, en var í lok ársins 2024 rúmar 4.390 milljónir króna. Eiginfjárlutfall félagsins var 64,77% í lok ársins 2025 samanborið við 70,82% í lok ársins 2024. Eftir að hafa farið yfir helstu niðurstöður A-hluta var farið yfir helstu samandregnar niðurstöður B-hluta.

Eftir yfirferð Helga Þórs yfir ársreikninginn var orðið gefið laust en aðrir tóku ekki til máls undir þessum dagskrárlið. Ársreikningur fyrir rekstrarárið 2025 var borinn undir fundinn og samþykktur með öllum atkvæðum hluthafa.

3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar

Fundarstjóri gerði grein fyrir fyrirliggjandi tillögu um greiðslu arðs frá stjórn félagsins. Tillagan er svohljóðandi:

„Aðalfundur Landsbréfa samþykkir að greiða 1.000 milljónir króna í arð til hluthafa. Arðgreiðsla skal fara fram innan fjögurra vikna frá samþykkt aðalfundar.“

Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og var tillagan borin undir fundinn og samþykkt samhljóða með öllum atkvæðum hluthafa.

4. Kjör stjórnar félagsins

Í stjórn Landsbréfa eiga sæti þrír aðalmenn og einn varamaður. Frá Eignarhaldsfélagi Landsbankans ehf. hefur borist tillaga um að eftirtaldir aðilar verði kjörnir til stjórnar og varastjórnar:

Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, í framboði til stjórnarformanns

Anna Bjarney Sigurðardóttir, í framboði sem meðstjórnandi

Jón Þorsteinn Oddleifsson, í framboði sem meðstjórnandi

Í framboði sem varastjórnarmaður væri:

Einar Þór Harðarson

Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og engir aðrir í framboði og var því sjálfkjörið í stjórnina og voru framangreindir lýstir rétt kjörnir í stjórn félagsins.

5. Kjör endurskoðunarfélags

Stjórn Landsbréfa leggur til að PricewaterhouseCoopers ehf. verði endurkjörið sem endurskoðunarfélag Landsbréfa. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið. Aðrir voru ekki kjöri undir þessum dagskrárlið og var PricewaterhouseCoopers ehf. lýst rétt kjörið sem endurskoðunarfélag Landsbréfa.

6. Starfskjarastefna félagsins

Fyrir fundinum liggur til samþykktar starfskjarastefna fyrir Landsbréfa, en stefnan var meðal fundargagna. Stefnan er að samhljóða starfskjarastefnunni sem samþykkt var á síðasta aðalfundi. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og var framlögð starfskjarastefna samþykkt.

7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna

Svofelld tillaga um þóknun til stjórnarmanna liggur fyrir:

- Stjórnarlaun verði kr. 311.000 á mánuði
- Mánaðarleg greiðsla til stjórnarmanna fyrir setu í undirnefndum verði 91.000 kr. á mánuði
- Laun formanns verði tvöföld stjórnarlaun, kr. 622.000 á mánuði
- Greiðsla til varaformanns stjórnar verði kr. 78.000 fyrir hvern fund sem hann stýrir
- Varastjórnarmaður fái kr. 78.000 fyrir hvern fund sem hann situr í forföllum aðalmanns, þó ekki lægri upphæð en 155.000 kr. á ári

Enginn kvaddi sér hljóðs um þennan dagskrárlið og var tillagan tekin fyrir og samþykkt.

8. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá fundarins. Hreiðar Bjarnason, forsvarsmaður Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. og framkvæmdastjóri Fjármála hjá Landsbankanum kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og sagðist vilja þakka starfsmönnum Landsbréfa og stjórn félagsins fyrir vel unnin störf.

Aðrir tóku ekki til máls. Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að hann og fundarritari fengju að ganga frá fundargerð og að senda nauðsynlegar tilkynningar til fyrirtækjaskrár. Það var samþykkt.

Þannig farið fram. Fundi slitið kl. 15.50.


Bragi Gunnarsson, fundarstjóri


Helgi Þór Arason, fundarritari